

Ed.

98. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Transamerican Airlines Corporation í Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi

1. Að gera landingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá.
2. Að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir landi undir landingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé gerð, afl og hylgjulengd stöðvarinnar samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöð þessari má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfrægir eða skeyti, er varða flug flugvéla hans, nema leyfi landssímastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðina í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenska stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 5 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við fyrir flutninga hérlendis til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár, svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenskir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, með-

7. gr.

Leyfið skal gilda í 75 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku eða rekur þar atvinnu, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða rekur þar atvinnu, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutnings á mönnum eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenskum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða má í leyfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli fallinn niður, hafi hann eigi komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenskra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.